

FRÆG ÞRYKK

Ég veit ekki til þess að nokkur hafi orðið ríkur á því að höndla með nútímamyndlist á Íslandi og þá á ég við þau verk sem gerð hafa verið undanfarnir aldarfjórðung eða svo. Þetta er m.a. vegna þess að hið íslenska þóttu myndlistarmenn á sýningum eða heima á vinnustofum. Önnur lögmál gilda um gamla myndlistarmenn og víðfræga, en þá má vist bjóða upp til fjárfestingar á verðbólguáttímum. Ýmis ljón hafa einnig

verið í veginum fyrir því að Íslendingar gætu eignast góð verk eftir erlenda myndlistarmenn, þ.á m. óheyrilega háar tryggingar, innflutningshöft og söluskattur. En með útbreiðslu grafíklistar hefur einnig orðið breyting þar á og nú er fræðilegur möguleiki að eignast grafik eftir erlenda stórmeistarum á viðráðanlegu verði, þ.e. á því verði sem hérlendir „millar“ treysta sér hikstalaust til að greiða.

Grafík á ferð og flugi

Síðan hefur öðrum brögðum verið beitt, m.a. að prenta sérstakar „ekklúsífar“ útgáfur af slíkum myndum og selja háu verði, en koma svo fram með aðra útgáfu stuttu síðar og bjóða á hagstæðu verði til ama fyrir þá sem töldu sig vera búna að fjárfesta í alveg „spes“ upplagi. Stórvandamál númer tvö eru falsanir grafíkverka. Það segir sig sjálft að erfiðara er að fylgjast með ferðalögum og dreifingu grafíkverka um heiminn en fyrirferðarmikilla málverka og höggmynda og því er hæðarleikur fyrir snjalla falsara að bæta við grafíkseriur þekktra listamanna eða búa til nýjar myndraðir með þeirra handbragði, — ég tala nú ekki um ef listamennirnir eru ekki lengur þessa heims og því ófærir um að vitna um þessar myndir. En meðan ofast nær er hægt að ganga úr skugga um framleiðsluáferðir grafíkura með vandlegri skoðun, þá er nær ógæringur að fullyrða um hvort verk eru fölsuð eða ekta nema að undangengnum tímafrekum rannsóknnum.

Teygjanlegt fyrirbæri

En það er margt að varast þegar við grandalausir eyjarskeggjar höldum út á hinn viðsjála alþjóðlega grafíkmarkað. Í fyrsta lagi hafa girugir listmiðlarar litið á „grafík“ sem afar teygjanlegt fyrirbæri. Í reglum þeim sem UNESCO hefur gefið út segir m.a. að prentaðar myndir skuli kallast grafik hafi listamaðurinn handunnið þær í plötu, á stein o.s.frv. og fylgt þeim eftir sjálfur í gegnum vinnsluna alla, yfir á pappír, en einnig mega aðrir vinna eftir plötunni, svo framarlega sem listamaðurinn fylgist með öllu og gefur samþykki sitt. Margt fleira er að finna í reglum þessum, sem vert er að kynna sér. Listmiðlarar hafa hins vegar tekið upp á því að prenta beint eftir vatnslitamyndum, málverkum eða teikningum og fjölfalda í 100–300 eintökum, með samþykki listamanns og áritun á hverju eintaki. Því miður hafa margir myndlistarmenn gengist inn á þetta, þar sem ofast nær er um góða tekjulind að ræða.

Myndir með ættartré

Það verður að segjast eins og er að hér á landi er enginn sem býr yfir þeirri sérþekkingu á grafik að hann geti úrskurðað um hárrétta feðrunverka. Því er best að fara að öllu með gát og versla aðeins við þá aðila í útlöndunum sem hafa á sér gott orð og láta áreiðanleg vottorð eða ættartré fylgja seldum verkum. Lofsverður er sannarlega áhugi Konráðs Axelssonar og Myndkynningar á grafíklistum og margt gott hafa þau samtök látið af sér leiða. Þó hefur þau skort þá sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfsemi af þessu tagi, val þeirra á myndum hefur verið gagnrýnt, svo og þeir aðilar sem Myndkynning hefur haft samvinnu við erlendis. Afleiðingin er sú að menn eru orðnir varari um sig en áður, þegar alþjóðleg grafik er nefnd. Nú hefur Myndkynning hleypt af stokkunum nýrri sýningu að Kjarvalsstöðum og er hún án efa sú vandaðasta sem samtökin hafa staðið fyrir. Ég verð að jata að ég hef heyrt ýmislegt misjafnt um þá aðila sem látið hafa verkin í té, þ.e. Börjeson í Svíþjóð og þess vegna ætti Myndkynning kannski að róa væntanlega kaupendur með ábyggilegum vottorðum.



Pablo Picasso — Lýsistrata, koparstunga 1934.

Myndlist

ADALSTEINN INGÓLFSSON





Heilög þrenning

En ég get ekki annað séð en helftin af þessari grafik séu úrvalsverk og það ætti verðið a.m.k. að sanna. Vist er að ekki hafa verk eftir Bellmer, Chagall, Dine, Miró, Picasso og Tapiés áður verið boðin til sölu hér á landi, en þar eru tvær koparstungur eftir Picasso frá 1934 einna sjaldgæfastar. Þar er hann enn að vinna úr nýklassískum efnivið, þótt í málverki sínu sé hann á sama tíma kominn á bólakaf í súrrealisma. Verk þeirra Appels, Chagalls og Miró eru einnig

óvenju heilleg ef á heildina er litið, en þeir hafa allir framleitt ógrýnnin öll af grafik hin síðari ár og ekki alltaf verið vandir að meðulum. Ef skoðuð eru galleri í helstu stórborgum heims, þá morar allt í þrenningunni Dali, Miró og Chagall. Sjálfur hafði ég einna mesta ánægju af verkum eftir Spánverjann Clavé, haganlega upphlyptum, Bandaríkjamanninn Dine og Tapiés hinn katalónska. Hins vegar varð ég fyrir vonbrigðum með verk eignuð Magritte, en þau eru ansi nálægt því að vera hreinar eftirprentanir, þótt gamli maðurinn kunni að hafa gefið leyfi til framkvæmdanna.

Max Walter Svanberg — „Hybridens parringstecken“ þurrnál, 1972.



Karel Appel — Nafnlaus, steinprent, 1974.

Ástarbreim og uppáferðir

Ég á engan imbakassa í fórum mínum og þarf því að hlaupa í hús til að fá mér gláp ef á boðstólum er eitthvað sem illt er af að missa. Á dag-skrá imbens í gærkvöldi var ekkert sem ég hafði áhuga á að sjá og ég lét því eiga sig að taka hús hjá náunganum til að glápa þegjandi á glerið. Þess í stað gerði ég heiðarlega tilraun til hljóðvarpshlustunar. Ég reyni að fylgjast með fréttum kl. 7 á hverjum degi. Fréttamennska hljóðvarps-

manna hefur tekið miklum framförum og fréttaskýringabættirnir nýju eru yfirleitt mjög góðir. Ég veit ekki hvort yfirstjórn Ríkisútvarpsins eða fréttamennirnir sjálfir eiga heiðurinn af liflegri og betri fréttum. En þetta stefnir í betri tíð.

Kvölddagskrá hljóðvarps var þungmelt í gærkvöldi. Ég nennti ekki að hlusta á spjall um dr. Einar Ólaf Sveinsson nema með öðru eyranum. Og þátturinn Úr skólalífnum höfðaði

hreint ekki til mín. Mér er andskotans sama um það hvernig viðskiptafræðinemar og viðskiptafræðingar hafa það.

Þátturinn um dómsmál var næstur. Einstaka sinnum hef ég hlustað á hann. Þessi ákveðni þáttur var litið spennandi. Rífrildi um síldarnót með tilheyrandi vafstri í stírbúsalegu dómserfi. Mikil skelfilega er lagamálið annars steingelt og uppskrúfað.

Ég hlustaði á Sigurd Skúlason lesa útvarpsöguna, sem er eftir Leif Panduro. Lestur Sigurðar er með ágætum og efni sögunnar er greinilega krassandi, ef marka má þennan eina lestur sem ég hef hlýtt á. Hann gekk talsvert út á ástarbreim og uppáferðir. Kjörin saga til að koma bændum í stuð áður en þeir arka út í fjárhúsin til að fara með hrút, svona í upphafi fengitímans.

Sævar Halldórsson læknir flutti stutt en gott erindi um þroskaheft börn. Og síðast á dagskránni var Svört tónlist í umsjá Gerard Chinotti. Ágætur þáttur, en hvers vegna „svört“ tónlist?

Í GÆRKVÖLDI

Atli Rúnar Halldórsson



JÓLAMARKAÐURINN

í kjallaranum

lõnaðarmannahúsinu

Hallveigarstíg 1

Opið frá 9—18.00